

Velferðarnefnd Alþingis

4. apríl 2024

**Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, 129. mál.**

Eitt af hlutverkum Sjúkratrygginga er að semja um heilbrigðisþjónustu. Við ákvarðanir og við samningsgerð skal sjúkratryggingastofnunin byggja á niðurstöðu faglegs og hagræns mats í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar aðferðir. Þannig skal stofnunin tryggja að sú þjónusta sem keypt er sé gagnreynd og að gæði þjónustunnar séu tryggð. Þá er það jafnframt markmið laga um sjúkratryggingar að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma.

1. mgr. 20. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að sjúkratryggingar taki til *allra* tannlækninga og tannréttinga í stað *nauðsynlegra* áður. Vegna þessa skal bent á að lögin ganga almennt út á að tryggja nauðsynlega þjónustu. Má þar sem dæmi nefna 19. - 21. gr. a og 25. – 27. gr. en þar er m.a. kveðið á um *nauðsynlega* læknishjálp, þjálfun, lyf, hjálpartæki o.s.frv. Sem dæmi má nefna varðandi nauðsyn að fegrunarlækningar teljast almennt ekki nauðsynlegar og falla þ.a.l. ekki undir greiðsluþátttöku ríkisins. Hvað varðar tannlækningar þá bjóða tannlæknar upp á ýmsa þjónustu sem líkist frekar fegrunarmeðferð en nauðsynlegri meðferð (hér má t.d. nefna tannhvíttun o.fl.). Að mati Sjúkratrygginga myndi framangreind breyting vera í andstöðu við markmið og önnur ákvæði laganna.

Í 8. gr. laganna segir að Sjúkratryggingum sé heimilt að skipa starfshópa og kalla til sérfræðinga til að aðstoða stofnunina, m.a. við gerð samninga, notkun gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu, árangursmat, gæðamat og eftirlit. Hvað varðar tannlækningar (þ.m.t. tannréttingar) þá hafa Sjúkratryggingar kallað til sérfræðinga til aðstoðar við mat á umsóknum, m.a. sérfræðinga frá tannlæknadeild Háskóla Íslands. Með því er þeim sem þurfa á þjónustu að halda tryggð meðferð með greiðsluþátttöku ríkisins. Hins vegar er meðferð sem ekki telst nauðsynleg utan við greiðsluþátttöku.

Í frumvarpinu kemur að núverandi löggjöf tryggi ekki með nægjanlegum hætti að allir þeir sem fæðast með skarð í vör eða klofinn góm njóti stuðnings frá sjúkratryggingum til að greiða niður kostnað vegna viðhlítandi tannlækninga og tannréttinga. Sem fyrr segir greiða Sjúkratryggingar fyrir alla nauðsynlega meðferð og er við matið á umsóknum byggt á ráðgjöf færustu sérfræðinga á þessu sviði. Það sama á við

um öll þau börn sem fæðast með aðra alvarlega sjúkdóma (s.s. alvarlegt misræmi í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka eða mikla tannvöntun). Sjúkratryggingar hafa hins vegar ekki fallist á að greiða fyrir ónauðsynlega meðferð barna og líta það alvarlegum augum ef börn eru látin undirgangast langa og erfiða meðferð án þess að nauðsyn sé fyrir henni.

Ný mgr. við 20. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að ekki skuli takmarka greiðsluþátttöku vegna barna og lífeyrisþega sem hafa engar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga sem og aðrar opinberar greiðslur sem tengjast örorku- og ellilífeyrisréttindum. Hvað varðar almenna takmörkun er vísað til þess sem að framan greinir varðandi nauðsynlegar, gagnreyndar meðferðir.

Þá er bent á að greiðslur Sjúkratryggingar eru ekki tengdar tekjum heldur er um tryggingaréttindi að ræða sem allir sjúkratryggðir einstaklingar eiga jafnan rétt á. Ef tengja ætti greiðslur Sjúkratrygginga við tekjur hins sjúkratryggða væri verið að blanda saman sjúkratryggingu og félagslegri aðstoð en þessir tveir málaflokkar eru aðskildir skv. lögum. Rétt er að þeir sem þurfa meiri aðstoð fái hana í gegnum félagslega kerfið. Einnig væri mögulegt að breyta greiðsluhlutfalli Sjúkratrygginga í reglugerð og þarf þá ekki lagabreytingu til.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands



Ingibjörg Þorsteinsdóttir,  
sviðsstjóri Réttindasviðs